

## Námsáætlun

### Áfangalýsing

Í áfanganum er fjallað um grunnhugtök hagfræðinnar. Kannaðar verða helstu kennningar, straumar og stefnur innan fræðigreinarinnar. Lögð verður áherslu á að fylgjast með málefnum líðandi stundar og að þjálfa nemendur í að skilja og ræða um hagfræðileg málefni.

### Markmið

#### Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar á:

- grundvallarhugtökum hagfræðinnar sem fræðigreinar
- meginviðfangsefni hagfræðinnar
- mismunandi tegundum hagkerfa
- grunneiningum hagkerfisins
- helstu kenninguum hagfræðinnar
- skiptingu hagfræðinnar í þjóðhagfræði og rekstrarhagfræði
- þeim stofnum sem stjórna stýritækjum hagkerfisins

#### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita algengustu hugtökum hagfræðinnar á skýran hátt
- taka þátt í einföldum umræðum um hagfræðileg málefni
- nýta sér þekkingu sína við lestur á einföldum hagfræðilegum texta
- beita hagfræðilegum grunnhugtökum og þeim orðaforða sem notaður er í hagfræði

#### Nemandi skal geta hagnýtt þá almennum þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sér grein fyrir grunnatriðum hagkerfisins
- geta tjáð skoðanir sínar á skýran og skilmerkilegan hátt
- gera sér grein fyrir samspili hagfræðinnar í samféluginu

### Námsgögn

Þjóðhagfræði 103. Inga Jóna Jónsdóttir  
Ljósrit og ýmis verkefni frá kennara

## **Próf/verkefnaskil:**

Áfanganum verður skipt upp í þrjár lotur. Í hverri lotu verða lögð fyrir ýmis skilaverkefni, bæði einstaklings- og hópverkefni. Lotu lýkur með lotuprófi. Öllum nemendum ber að taka lotuprófin og skila öllum heimaverkefnunum tímanlega. Forfallist nemandi í lotuprófi vegna veikinda eða annarra löggildra ástæðna verður hann að taka veikinda-/forfallapróf við fyrsta tækifæri í samráði við kennara eða í síðustu kennsluviku annarinnar. Nemendur þurfa að ná lágmarkseinkunn 4,5 að meðaltali í lotuprófum.

Lögð verður nokkur áhersla á að fylgjast með málefnum líðandi stundar, fréttir skoðaðar og verkefni unnin út frá því.

## **Námsmat:**

Námsmati er skipt þannig:

Vægi lotuprófa..... 45%

Vægi skilaverkefna..... 55%

-Vinnubókarverkefni 25%

-Önnur skilaverkefni 30%

## **Áætlun um yfirferð:**

<b>Vikur(dagsetningar):</b>	<b>Efni</b>	<b>Lotur og próf</b>
Lota 1 Vikur 35-36	Kafli 1-Hagfræðin sem fræðigrein Málefni líðandi stundar	
<b>Lota 1 Vikur 37-38</b>	<b>Verðmyndun á markaði Málefni líðandi stundar</b>	
<b>Lota 1 Vikur 39</b>	<b>Hagkerfið og efnahagshringrásin. Málefni líðandi stundar</b>	<b>Lotupróf 1: 30. sept.</b>
<b>Lota 2 Vikur 40-42</b>	<b>Hið opinbera Málefni líðandi stundar</b>	
<b>Lota 2 Vika 43-44</b>	<b>Pjóðhagsreikningar Málefni líðandi stundar</b>	
<b>Lota 2 Vika 45-46</b>	<b>Verðbólga og vísitölur Málefni líðandi stundar</b>	<b>Lotupróf 2: 4.nov.</b>
<b>Lota 3 Vika 47</b>	<b>Hagyöxtur og hagsveiflur Málefni líðandi stundar- Hagkerfið og umhverfið.</b>	
<b>Lota 3 Vika 48</b>	<b>Atvinnuleysi Málefni líðandi stundar</b>	
<b>Lota 3 Vika 49</b>	<b>Jafnvægi og ójafnvægi í hagkerfinu</b>	<b>Lotupróf 3: 2. des.</b>

**Birt með fyrirvara um breytingar.**

**Kennari: Ægir Sigurðsson**